



## **Skóladagheimili**

**Sími: 488 7030**

Skóladagheimilið er staðsett í húsnæði grunnskólans að Útskálum 6-8 í stofu 7.

Á vegum skólans er starfrækt skóladagheimili, sem er fyrir börn úr 1. - 4.b. Á skóladagheimilinu fá börnin tækifæri til að leika sér og njóta samveru í vernduðu og skapandi umhverfi. Reynt er að gera andrúmsloftið eins heimilislegt og kostur er og aðlaga það leikþörf barnanna. Starfsemi skóladagheimilisins byggist að öllu leyti á þeirri uppeldislegu stefnu sem skólinn hefur sett sér.

Á skóladagheimilinu starfa þrír skólaliðar.

Skóladagheimilið er opið frá því að skóladegi lýkur til kl. 17:00 nema á föstudögum. Þá lýkur starfseminni kl. 16:00.

Foreldrar greiða tilfallandi kostnað þ.e. dvalargjald og gjald fyrir síðdegishressingu til skrifstofu sveitarfélagsins.

Allar ferðir nemenda s.s. ferðir á kór- og íþróttæfingar, í tónlistarskóla o.fl. á starfstíma skóladagheimilisins eru á ábyrgð foreldra.